

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016,  
með síðari breytingum (skiptinemar).

(Eftir 2. umræðu, 31. maí.)

1. gr.

3. mgr. 65. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að veita erlendum skiptinimum dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. komi þeir til landsins á vegum viðurkenndra skiptinemasamtaka og má þá víkja frá aldursskilyrðum 1. mgr. og skilyrði um að nám sé á háskólastigi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.